

UMF STJARNAN

Starfslýsing umsjónarmanns mannvirkja

Umsjónarmaður ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra UMF Stjörnunnar í umboði aðalstjórnar og mannvirkjanefndar félagsins.

Verksvið umsjónarmanns

Umsjónarmaður

- annast alla daglega umsýslu Stjörnuheimilis, vallarhúss og stúku, knattspyrnuvalla og annara mannvirkja á vegum UMF Stjörnunnar.
- annast um rekstur og stillingu tækni- og stjórnbúnaðar, svo sem snjóbræðslukerfis, lýsingar og vél- og rafbúnaðar hvers konar.
- annast umhirðu og viðhald allra tækja og áhalda í vörslu félagsins og kallar til fagmenn gerist þess þörf.
- heldur rekstrardagbók yfir rekstur valla, mannvirkja og tækja, sem heyra undir rekstrarsamning Stjörnunnar við Garðabæ.
- annast innheimtu leigugjalda fyrir afnot af knattspyrnuvöllum og Stjörnuheimili, skv. taxa, sem mannvirkjanefnd og framkvæmdastjóri ákveða.
- er leiðbeinandi um notkun knattspyrnuvalla og framfylgir reglum mannvirkjanefndar varðandi notkun þeirra.
- situr fundi með aðalstjórn og mannvirkjanefnd sé þess óskað.
- annast pantanir á öllum rekstrarvörum sem notaðar eru við rekstur valla og mannvirkja í samráði við framkvæmdastjóra sem samþykkir útgjöld.
- annast tilfallandi verkefni sem honum eru falin af framkvæmdastjóra.

Ábyrgðarsvið umsjónarmanns

Umsjónarmaður

- ber ábyrgð á að knattspyrnuvelli félagsins séu í fullkomnu ástandi til æfinga og keppni á hvejum tíma. Ákvörðun um nýtingu valla og æfingasvæða er í höndum mannvirkjanefndar félagsins.
- ber ábyrgð á umgengni um allar eigur félagsins sem eru í hans vörslu.
- ber ábyrgð á að farið sé að umgengnisreglum Stjörnunnar bæði varðandi knattspyrnuvelli og önnur mannvirki.
- ber ábyrgð á að halda framkvæmdastjóra félagsins og mannvirkjanefnd upplýstum um ástand mannvirkja og valla með reglubundnum hætti.
- ber ábyrgð á að keppnisvelli félagsins séu ávallt til reiðu fyrir æfingar og leiki.
- ber ábyrgð á að öll umhirða gervigrasvalla og annarra mannvirkja sé skv. viðhalds- og umhirðuáætlun.